

Til Nefndasviðs Alþingis
Þórshamri v/ Veltusund
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 126/1023
komudagur 22.1.2001

Glaumbæ, 18/01/2001

Efni: Hugleiðingar um frumvörp til safnalaga, þjóðminjalaga, laga um húsafriðun, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa.

Minjavernd er margslungin starfsemi þar sem stýring og boðleiðir, frá forystuafli til smæstu þátta, þurfa að vera augljósar. Ég fagna því að nú sé unnið að stjórnkerfi fyrir minjavörsluna með það að markmiði að gera hana skilvirkari. Um leið gefst tækifæri til að nútímavæða hana og skoða hvernig forystuöfl í minjavörslunni vinni best saman. Hver þáttur hennar þarf að geta brugðist eðlilega við nýbreytni og skyldum, sem komið hafa fram á síðustu árum. Gott er að sjá lög um safnstarfsemi líta dagsins ljós.

Á undanförnum árum hefur starfsemi minjavörslunnar aukist á öllum sviðum. Þar koma ma. til skyldur sveitarfélaganna um fornleifaskráningar og rannsóknir vegna skipulagsvinnu og umhverfismats og aukin þátttaka safna um allt land í menningartengdri ferðaþjónustu, samstarf við skóla og fleiri stofnanir. Frumvörpin taka of lítið á hve stór hlutverk sveitarfélögin og stofnanir þeirra eiga að hafa í minjavörslunni, fyrir utan það að skrá fornleifar, standa fyrir rannsóknum (húsa- eða fornleifa) ef brýnt þykir og kosta þau verkefni. Þeim er frjálst að reka eigið safn hvort sem það er sérsafn eða landshlutasafn (byggðasafn) að mestu afskiptalaust, nema þau sæki um ríkisstyrki í gegn um Safnaráð skv. frumvörpunum. Hvernig samskiptaform er æskilegast milli sveitarfélaganna og ríkisstofnana eins og höfuðsöfnin og embætti þjóðminjavarðar? Í þessu samhengi þarf að skoða td. skipulags- og umhverfislög. Hvert á hlutverk minjavörslunnar td. að vera gagnvart skólakerfinu og hvernig er best að stýra því?

Til að ná sem bestri nýtingu á þeim fjármunum sem veittir hafa verið til minjavörslunnar hafa menn yfirleitt valið fáa þætti af mörgum jafnnauðsynlegum. Þess vegna hafa ýmis grundvallaratriði, svo sem forvarsla, varðveisla, rannsóknir og safnkennsla setið á hakanum og ofuráhersla verið lögð á sýningar sem laða að fólk til að ná dýrmætum aðgangseyri eða fornleifarannsóknir sem vekja athygli. Þetta kemur fram í frumvörpunum og getur skapað misvægi. Mikil áhersla er lögð á verndun fornleifa og fornleifarannsóknir miðað við önnur hlutverk minjavörslunnar.

Söfnina hafa undanfarin ár skilað inn til Þjóðminjasafns/þjóðminjaráðs greinagerð um stafsemi og fjárþörf og umsóknum til rekstrarstyrkja. Það hefur reynst fremur torveld fjáröflunarleið og litlu breytt um safnastarf á heildina lítið. Í sókn að fjármagni hafa mörg safnanna reynt að bjarga sér með öðrum hætti. Ný söfn (sum varla meira en sýningar) og stofnanir sem vilja hasla sér völl á þessum vettvangi hafa td. oftast ekki sótt beint til fjárlaganefndar eða annað þar sem fjár er von. Þessi staða hefur skekkt þá mynd sem forystumenn (ríkis og sveitarfélaga) hafa af mikilvægi þess að styrkja starfandi söfn og beita þeim á verkefni og veikt ímynd þeirra.

Í frumvörpum er ekki að sjá að staða minjasafnanna breytist mikið, að öðru leyti en því að aðgangur að fjármagni virðist í fljótu bragði flóknari. Safnaráð, sem á að marka stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi lista- og minjasafna og veita styrki úr safnasjóði, nær ekki betur til þeirra en þjóðminjaráð gerir í dag, nema ráðið fái

starfsmann/-menn. Jafn nauðsynlegt er að fulltrúar Safnaráðs komi af öllum sviðum safnanna, svo sem fulltrúi safnmanna (minjasafna), listfræðinga og náttúrfræðinga. Í frumvörpunum eru fleiri kallaðir til en Safnaráð að sinna minjasöfnunum.

- Þjóðminjavörður á að marka stefnu og gera langtímaáætlun um þjóðminjavörsluna í heild, vera söfnum og öðrum hlutaðeigandi aðilum til ráðgjafar um varðveislu og kynningu menningarsögulegra minja. Hvað gerir fornleifafræðinga betur í stakk búna til að gegna þessu hlutverki heldur en aðra sérfræðinga á minjasviði?
- Þjóðminjasafn á, sem höfuðsafn í þessum málaflokki, að vera byggðasöfnum og öðrum minjasöfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu á sviði minjavörslunnar.

Það þarf að skýra betur samspilið milli Safnaráðs, þjóðminjavarðar og safnstjóra Þjóðminjasafns hvað þetta varðar. Þjóðminjasafn situr ekki við sama borð og önnur höfuðsöfn. Höfuðsöfnin hin eru stefnumótandi fyrir söfn á þeirra sviði, þe. náttúruminja- og listasöfnin, sem tengjast safnaráði eins og minjasöfn landsins og Þjóðminjasafn Íslands og þar er þeirra snertiflötur.


Ef á að gera minjavörsluna markvissari er mikilvægt að líta á alla þætti hennar í samhengi og leggja áherslu á samstarf og sameið við ákvarðanatöku í stórvægilegum þverfaglegum málum. Auðveldasta leiðin til þess er að sneiða embætti þjóðminjavarðar frá safnastarfinu þannig að Þjóðminjasafn Íslands verði sjálfstæð stofnun með sömu formerkjum og hin höfuðsöfnin. Embætti þjóðminjavarðar getur eftir sem áður veitt minjasöfnunum ráðgjöf varðandi minjavörslu, farið með leyfisveitingar, ráðgjöf og eftirlit með öllu safnastarfi, sinnt rannsóknum á minjasviði, samræmt aðgerðir og annast umsögn og eftirlit ma. með flutningi menningarverðmæta milli landa. Hann getur auðveldlega skotið málum til umsagnar forstöðumanna höfuðsafnanna, húsafriðunarnefndar, fornleifanefndar eða safnaráðs.

Að aftengja húsasafn Þjóðminjasafns og Húsafriðunarnefnd eins og gert er ráð fyrir er verulega slæmur kostur. Skárra væri að sameina þau í sérstakri stofnun. Ef sú leið væri farin væri og eðlilegt að skipta stofnuninni enn meira upp og gera ráð fyrir að úr verði einingar (stofnanir) sem vinni náíð samnan undir eftirliti þjóðminjavarðar og fagnefnda.

- Samband þjóðminjavarðar við Þjóðminjasafn Íslands þarf að skoða betur.
- Lögin taka of lítið á breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu.
- Samræma þarf þjóðminjalög og umhverfislög varðandi td. umhverfisspjöll og eftirlit með framkvæmdum á vettvangi.
- Það er ómögulegt að aðeins ein fræðigrein valdi embætti þjóðminjavarðar sé tekið mið af ólíkum skyldum embættisins.
- Hugtök: þjóðminjar, safnastefna, neyðarrannsóknir, er hús eldri en 100 ára – fornleif eða forngripur, opinbert safn og byggðasafn, þarf að skýra betur.

Hugleiðingar um einstaka greinar framkominna frumvarpa til laga fylgja hér með.

Virðingarfyllst,



Sigríður Sigurðardóttir safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga
Glaumbæ
560 VARMAHLÍÐ

126. löggjafarþing 2000–2001.

Þskj. 238 — 224. mál.

Frumvarp til safnalaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi 2000–2001.)

I. KAFLI

Yfirstjórn og skipulag.

1. gr.

Í lögum þessum er kveðið á um skipulag lista- og minjasafna í þeim tilgangi að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn minja- og listasafna. Til minjasafna teljast menningarminjasöfn og náttúrugripasöfn. Menntamálaráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfé laga tilnefnir einn fulltrúa, Félag íslenskra safnamanna¹ einn og þrjú skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Í Safnaráði ættu að sitja fulltrúi frá Fél. ísl. safnamanna, náttúrfræðinga, listfræðinga og fornleifafræðinga og einn skipaður án tilnefningar - formaður. Að minnsta kosti 3 fulltrúar af fimm verða að hafa innsýn og reynslu af safnastarfsemi. Jafn nauðsynlegt er að þjóðminjavörður sitji fundi ráðsins þótt hann sé ekki hluti af því, svo að samræmis sé gætt í starfsemi sem heyrir undir hans embætti.

3. gr.

Hlutverk safnaráðs er að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr.

a) Safnaráð á að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi lista- og minjasafna. b) Höfuðsöfn eiga að vera öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu skv. 5. gr. c) Við bætast skyldur þjóðminjavarðar gagnvart söfnunum. Hvernig eiga tengsl forstöðumanna höfuðsafna og safnaráðs að vera varðandi stefnumörkun annarra safna en eigin safns? Þarf ekki að skoða betur skyldur safnaráðs og þjóðminjavarðar annars vegar og safnstjóra höfuðsafna og safnaráðs hinsvegar?

II. KAFLI

Safnastarfsemi.

4. gr.

Safn samkvæmt lögum þessum er stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum sem snerta manninn, sögu hans og umhverfi, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.

Þarna nær skilgreining á safni jafnt til allra heimildasafna. Gott er að fá skilgreiningu á safni lögfesta. Það ætti enn fremur að skilgreina muninn á byggðasafni, sérsafni og einkasafni. Það er bagalegt að geta ekki hnýtt öllum heimildasöfnum um þjóðminjar saman í safnalögunum, hvort sem það eru listaverk, náttúruminjar, forngripir, samtímaminjar, handrit eða skjöl. Í frumvarpi um lög um flutning menningarverðmæta virðist þó gert ráð fyrir því.

5. gr.

Höfuðsöfn eru í eigu íslenska ríkisins og eru miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verksviði.

¹ safnamanna - Félag íslenskra safnamanna, er nafn félagsins

Höfuðsöfn skal stofna með lögum þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra. Höfuðsöfn eru öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla þau að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.²

Höfuðsöfn kalla eftir safnastefnu þeirra safna sem starfa á þeirra sviði. Á fjögurra ára fresti skulu höfuðsöfn semja sameiginlega stefnuyfirlýsingu fyrir það safnasvið sem þau veita forstöðu og skal stefnuyfirlýsingin ásamt verkáætlun send safnaráði til staðfestingar.

Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu. Þjóðminjasafn Íslands annast söfnun, skrásetningu, varðveislu og rannsóknir á minjum um menningarsögu þjóðarinnar og kynningu þeirra, innan lands og utan.

Listasafn Íslands er höfuðsafn á sviði myndlistar. Listasafn Íslands annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri myndlist.

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafn Íslands annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri náttúru.

6. gr.

Höfuðsöfn mega ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því. Gjafir og fjárframlög til safna eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum. Mega önnur söfn en höfuðsöfn taka á móti gjöfum með skilyrðum? Það stangast á við alþjóðlegar siðareglur safna. Samræma við 7. og 8. gr. um sömu reglur fyrir öll söfn á ríkisstyrkjum.

7. gr.

Heimilt er að lána gripi eða verk úr söfnum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra að fenginni umsögn safnaráðs og þjóðminjavarðar ef um er að ræða gripi sem falla undir ákvæði laga um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa. Höfuðsöfnum er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripi eða verk til annarra safna eða opinberra stofnana, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem forstöðumaður ákveður. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara. Nánari reglur um útlán muna og verka skal setja í reglugerð.

8. gr.

Ekki má nota myndir af gripum eða verkum höfuðsafna sem vörumerki eða í auglýsinga skyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi viðkomandi forstöðumanns enda sé gætt réttar rétthafa samkvæmt höfundalögum. Sama regla gildir um söfn sem hljóta styrki á grundvelli laga þessara.

9. gr.

Hvert höfuðsafn hefur sjálfstæða fjárveitingu í fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur um fjárveitingar á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers höfuðsafns til fimm ára.

III. KAFLI

10. gr.

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna sem heyra undir lög þessi. Safnaráð úthlutar úr sjóðnum styrkjum til safna samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum sem ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum
- b. frjáls framlög.

Öll söfn sem undir lög þessi falla geta sótt um verkefmatengda styrki til safnasjóðs. Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa

² Hér koma fram tengiliðir allra safna, sem er hið besta mál. En hvernig á að haga samvinnu milli höfuðsafna og safnaráðs varðandi þetta atriði, þar sem safnaráði er ætlað sama hlutverk?

eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.

3. Safnið skal rekið óaðfínanlega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður.
4. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
5. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
6. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi.
7. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna.
8. Safnið sé ekki rekið í ábataskyni eða með gróðasjónarmið í huga (Á alþjóðavettvangi er lögð áhersla á þetta atriði. Þetta á eins vel heima í skilgreiningu á safni í 4. gr. II. Kafli).

11. gr.

Nú vilja stjórnendur safns sem uppfyllir skilyrði laga þessara um rekstrarstyrk, sbr. 10. gr., afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og eiga þeir þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess í fjárlögum enda samþykki safnaráð húsnæðið og stofnkostnað. Framlag ríkissjóðs skal innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem stjórnendur safns gera við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

12. gr.

Nú telur safnaráð að safni sem hlýtur ríkisstyrk sé hætta búin sökum vanhírðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið eru numin úr gildi ákvæði II. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Söfn sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum³ skulu laga starfsemi sína að lögum þess um innan tveggja ára frá gildistökudegi þeirra. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 5. gr. þar sem lagt er til að sett verði á laggirnar Náttúruminja safn Íslands er hafi stöðu höfuðsafns kemur það ekki til framkvæmda fyrr en endurskoðun er lokið á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er miðar að því að aðgreina safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar frá öðrum skilgreindum verkefnum stofnunarinnar. Sett verði sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Endur skoðun laga nr. 60/1992 ber að ljúka innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara. Náttúruminjasöfn eiga eftir sem áður rétt á styrkjum úr safnasjóði á grundvelli 10. gr. með sama hætti og önnur minjasöfn.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd er Björn Bjarnason menntamálaráðherra skipaði 10. mars 1999. Hlutverk nefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi að undirbúa rammalöggjöf um safnamál. Í nefndinni sátu Gunnar Jóhann Birgisson hrl., formaður, Inga Lára Baldvins dóttir, deildarstjóri á Þjóðminjasafni Íslands, Jósef H. Þorgeirsson lögfræðingur, Sigurður Á. Þráinsson, deildarstjóri í umhverfisráðuneytinu, og Smári Geirsson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. Samkvæmt skipunarbréfi voru verkefni nefndarinnar þessi: 1. Að skilgreina þá safnastarfsemi sem nú er rekin. 2. Að skilgreina hlut ríkis, sveitarfélaga og stofnana að því er varðar stofnun og rekstur safna af mismunandi tegundum. Sama. 3. Að gera tillögur um

³ Til hvaða safna ná engin lög?

breytingar á gildandi löggjöf. Fljótlega eftir að nefndin hóf störf var tekin ákvörðun um að hún ætti fyrst og fremst að fjalla um starfsemi minja- og listasafna en ekki um starfsemi skjala- og bóka safna enda er starfsemi slíkra safna nokkuð frábrugðin starfsemi annarra safna og um skjala söfn gilda sérstakar reglur. Hugtakið minjasafn tekur bæði til menningarminjasafna og náttúruminjasafna. Víða um land starfa slík söfn hlið við hlið í sama safnahúsi. Í báðum þessum flokkum safna eru gerðar sömu faglegu kröfur til skráningar, varðveislu og sýningarhalds. Á Norðurlöndunum er farið að nota hugtakið „kulturmiljö“ sem samheiti yfir alla þætti sem snerta búsetu fólks á tilteknu svæði og vinna þannig heildstætt að minjavörslu, menningarmál um o.s.frv. Slíkar hugmyndir renna enn frekari stoðum undir þá skoðun að náttúruminjasöfn séu felld undir þessa löggjöf með sama hætti og önnur minjasöfn.

Safnastarfsemi í nágrennalöndum okkar hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og víða hefur verið sett rammalöggjöf um safnastarfsemi. Í Finnlandi voru sett slík lög árið 1992 og í Noregi hefur safnalöggjöf verið til endurskoðunar. Í Danmörku voru sett lög um söfn árið 1984 og hefur þeim lögum nokkrum sinnum verið breytt á undanförunum árum. Dönsku lögin eru rammalög. Nefndin hefur í störfum sínum um margt haft hliðsjón af þeirri löggjöf. Jafnframt hefur verið tekið tillit til síðareglna ICOM, Alþjóðaráðs safna.

Megintilgangur frumvarpsins er að styrkja og efla almenna safnastarfsemi. Jafnframt því er nauðsynlegt að tryggja að opinberum fjármunum sem veittir eru til safnamála sé vel varið og að fjárveitingar til safna grundvallist á rökstuddu mati og heildstæðri stefnu í safnamálum. Til þess að ná fram þessum markmiðum er í frumvarpi þessu lagt til:

1. Að hugtakið safn sé skilgreint í lögunum.
2. Að sett verði á laggirnar safnaráð er hafi það hlutverk að marka heildarstefnu um safnastarfsemi.
3. Að stofnaður verði sérstakur safnasjóður er sjái um styrkveitingar til safna. Safnaráð fari með stjórn sjóðsins og umsækjendur verði að uppfylla ákveðin lögbundin skilyrði til þess að fá rekstrarstyrk.
4. Að stefnt sé að því á hverju safnasviði að koma á fót höfuðsafni sem sé miðstöð safna starfsemi á sínu sviði með ákveðnar lögbundnar skyldur gagnvart öðrum söfnum.
5. Að Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands verði skilgreind sem höfuðsöfn.
6. Að menntamálaráðherra skipi forstöðumenn höfuðsafna.

Við undirbúning frumvarps þessa var leitað umsagnar eftirtalinna aðila: Félags íslenskra fornleifafræðinga, Félags íslenskra safnamanna, fornleifanefndar, Fornleifastofnunar Íslands, Húsafríðunarnefndar ríkisins, Kvikmyndasafns Íslands, Listasafns Íslands, safnaráðs Listasafns Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, stjórnar Kvikmyndasjóðs Íslands, Þjóðminjaráðs og Þjóðminjavarðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla er lýst skipulagi og yfirstjórn safnastarfseminnar.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um tilgang laganna og starfsemi lista- og minjasafna. Lögin taka til allra listasafna og allra minjasafna hvort sem um er að ræða menningarminjasöfn eða náttúru minjasöfn. Þau taka því til byggðasafna og allra safna sem varðveita menningarsögulegar minjar þjóðarinnar og náttúruminjar. Lögin taka ekki til bóka- og skjalasafna.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að menntamálaráðherra fari með yfirstjórn samkvæmt lögum þessum, sbr. auglýsingu nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Jafnframt er kveðið á um skipun safnaráðs og tilnefningaraðila.

Um 3. gr.

Hér er greint frá hlutverki safnaráðs en ráðinu er ætlað að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um safnastarfsemi í heild. Jafnframt skal safnaráð hafa eftirlit með safnastarf seminni og fara með yfirstjórn safnasjóðs.

Safnaráð er fimm manna nefnd, en ekki stofnun, sem hefur afmörkuð verkefni. Ekki er ætlast til umfangsmikillar starfsemi af hálfu ráðsins. Hér hnjóta ákvæði um hlutverk ráðsins við veruleikann. Samkvæmt 3. gr. er hlutverk safnaráðs „að vinna að mörkun stefnu og gera langtímaáætlun um starfsemi lista- og minjasafna“ og þar að auki að fara yfir umsóknir um

styrki frá þessum söfnum, meta þær og úthluta. Það er mikil vinna falin í fara yfir og hafa yfirsýn yfir stefnu og lantímaáætlanir í starfsemi allra lista- og minjasafna, sem varla eru undir 80 talsins. Auk náttúrminjasafna. Það er rétt að varla er hægt að ætlast til af nefnd sem samsett er tilnefndum fulltrúum sem hittast kannski einu sinni í mánuði, vinni alla þá vinnu. Þannig er miðað við að eftirlit ráðsins með söfnum í eigu ríkisins felist í því að meta skýrslur sem söfnum er gert að senda ráðinu og styrkhæfni safna vegna úthlutana úr safnasjóði. Eingöngu er miðað við að fjárveitingar til ráðsins miðist við funda- og þóknunarkostnað.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um helstu þætti í starfsemi safna. Hugtakið safn er skilgreint og fjallað er um hlutverk höfuðsafna og skipulag þeirra. Jafnframt er fjallað um ýmis önnur atriði er varða safnastarfsemina og nauðsynlegt er talið að lögbinda. Með því að skilgreina nánar hugtakið byggðasafn (sjá 7. gr. III kafla Þjóðminjalaga) væri búið að greina hlutverk þeirra frá öðrum minjasöfnum og þar með eru öll ákvæði um þau í Þjóðminjalögum óþörf, enda ætti að vera nóg að þar komi fram skylda þeirra gagnvart embætti þjóðminjavarðar.

Um 4. gr.

Í greininni er hugtakið safn skilgreint. Skilgreiningin er m.a. byggð á þeirri skilgreiningu sem fram kemur í siðareglum ICOM, Alþjóðaráðs safna.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að á hverju safnasviði skuli stefnt að því að koma á fót höfuðsafni er sé mið stöð safnastarfsemi á sínu sviði og hafi tilgreindar skyldur gagnvart öðrum söfnum. Jafnframt er lagt til að Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands verði höfuðsöfn enda miðast starfsemi þeirra við það nú og því er ekki um efnislega breytingu að ræða. Í greininni er fjallað um stjórnskipulag höfuðsafna og helstu skyldur forstöðumanna.

Lagt er til að höfuðsöfn móti stefnu á því sviði sem þau starfa. Þannig mun Þjóðminjasafn Íslands móta stefnu fyrir minjasöfn og Listasafn Íslands fyrir listasöfn. Fyrir safnaráð eða í samvinnu við safnaráð? Sjá. hlutverk safnaráðs sbr. 3. gr. I kafla.

Í 5. mgr. er lagt til að sett verði á laggirnar höfuðsafn er beri heitið Náttúruminjasafn Íslands. Þessi skipan krefst þess að gerðar verði breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands, nr. 60/1992, en í þeim lögum er safnastarfsemi skilgreind sem hluti af verkefnum Náttúrufræðistofnunar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal endurskoðun laga nr. 60/1992 lokið á næstu tveimur árum frá gildistöku þessara laga verði frumvarp þetta að lögum og kemur þetta ákvæði þá fyrst til framkvæmda að þeirri endurskoðun lokinni. Hér er því fyrst og fremst um mikilvæga stefnumörkun að ræða. Við gerð sérlaga um Náttúruminjasafn Íslands er nauðsynlegt að tryggja aðild fulltrúa umhverfisráðuneytis eða stofnana á þess vegum að starfi safnsins.

Um 6.–8. gr.

Sambærileg ákvæði er að finna í lögum nr. 88/1989, um Þjóðminjasafn Íslands, og þarfnast ekki frekari skýringar. Í 6. grein laga 88/1989 er verið að tala um öll minjasöfn, ekki aðeins þjóðminjasafn.

Um 9. gr.

Hér er fjallað um fjárveitingar til höfuðsafna.

Um III. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um safnasjóð, hlutverk hans og skipulag.

Um 10. gr.

Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður er beri heitið safnasjóður sem hafi það hlutverk að sjá um styrkveitingar til safna. Með stofnun slíks sjóðs er tryggð aukin samkvæmni?/tryggt aukið samræmi í styrkveitingum og (aukið- eyða orðinu) eftirlit með þeim söfnum sem fá styrki. Vakin er athygli á því að lagt er til að safn geti ekki fengið rekstrarstyrk nema stofnskrá þess hafi verið samþykkt af safnaráði. Hér er um mikilvæga nýbreytni að ræða. Jafnframt er gerður skýr greinarmunur á rekstrarstyrkjum annars vegar og verkefnatengdum styrkjum hins vegar. Eru hin ýmsu verkefni ss. útgáfa leiðarvísar, námsefnis,

sýningaruppsetning, viðgerð á safngripum osfrv. ekki hluti af rekstri? Má ekki einfaldlega tala um styrki.

Safnasjóður skal m.a. hafa til ráðstöfunar þá fjármuni sem hingað til hafa verið veittir til byggða- og minjasafna af fjárlagalið Þjóðminjasafns Íslands og af fjárlagaliðnum söfn, ýmis framlög, sbr. fjárlagalið 02-919-1.90. Fá þá lista- og náttúruminjasöfn landsins önnur en höfuðsöfn ekki styrki úr þessum sjóði?

Að meginstefnu til er ekki gert ráð fyrir að höfuðsöfn geti sótt um verkefnatengda styrki úr sjóðnum. Höfuðsöfn geta alls ekki sótt um rekstrarstyrki úr sjóðnum enda hafi þau sér greinda fjárveitingu í fjárlögum.

Um 11.-12. gr.

Sambærileg ákvæði um byggðasöfn er að finna í lögum nr. 88/1989 og þarfnast þau ekki frekari skýringa.

Um 13.-14. gr.

Hér er finna ákvæði sem ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sjá athugasemdir við 5. gr.

Fylgiskjal.

**Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:**

Umsögn um frumvarp til safnalaga.

Tilgangur frumvarpsins er að kveða á um skipulag lista- og minjasafna. Í því er í fyrsta lagi lagt til að skipað verði fimm manna safnaráð til þess að vinna að stefnumótun og langtíma áætlun fyrir safnastarfsemi, úthluta úr safnasjóði og hafa eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Af frumvarpinu má ráða að stefnumótun og eftirlit safnaráðs muni í reynd beinast mest að úthlutun úr safnasjóði og eftirliti með notkun þess fjár. Safnaráð mun að einhverju leyti fást við hluti sem menntamálaráðuneytið hefur sinnt hingað til. Að þessu virtu áætlar fjármálaráðuneytið að útgjöld ríkisins aukist um 1 m.kr. vegna stofnunar safnaráðs. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að ákveðin söfn í landinu verði gerð að miðstöðvum safnastarfsemi, hvert á sínu sviði. Lagt er til að Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands verði slíkar miðstöðvar og telur fjármálaráðuneytið að það hafi óverulegar breytingar á útgjöldum í för með sér. Þá er gert ráð fyrir að stofnað verði Náttúruminjasafn Íslands og mun stofnun slíks safns hafa í för með sér töluverð útgjöld, sem of snemmt er að áætla. Setja þarf sérstök lög um Náttúruminjasafn Íslands þegar þar að kemur. Í þriðja og síðasta lagi er gert ráð fyrir að stofnaður verði safnasjóður með því að sameina fjármuni sem veitt hefur verið til byggða- og minjasafna af fjárlagalið Þjóðminjasafns Íslands, 24,4 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2001, og af óskiptu viðfangsefni á fjárlagaliðnum söfn, ýmis framlög, 7,5 m.kr. í fjárlagafrumvarpinu. Að mati fjármálaráðuneytisins hefur þessi breyting ekki í för með sér aukin útgjöld ríkissjóðs.

Samkvæmt framangreindu telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið leiði til 1 m.kr. útgjalda auka verði það að lögum.